

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2007/67/EB

2010/EES/6/46

frá 22. nóvember 2007

um breytingu á tilskipun ráðsins 76/768/EBE um snyrtivörur, í því skyni að laga III. viðauka við hana að tækniframförum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 76/768/EBE frá 27. júlí 1976 um samræmingu laga aðildarríkjanna um snyrtivörur⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 8. gr.,

að höfðu samráði við vísindanefndina um neytendavörur,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt matsáætluninni um hárlitunarefni var samþykkt, í samráði við aðildarríkin og hagsmunaaðila, að leggja skyldi viðbótarupplýsingar um hárlitunarefni, sem um getur í 2. hluta III. viðaukans við tilskipun 76/768/EBE, fyrir vísindanefndina um neytendavörur (SCCP), eigi síðar en í júlí 2005.
- 2) Með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/65/EB frá 19. júlí 2006 um breytingu á tilskipun ráðsins 76/768/EBE um snyrtivörur, í því skyni að laga II. og III. viðauka við hana að tækniframförum⁽²⁾, var bráðabirgðaleyfi fyrir notkun fimmtíu og sex hárlitunarefna, sem tilgreind eru í 2. hluta III. viðauka, framlengt til 31. desember 2005.
- 3) Viðbótarupplýsingar hafa ekki verið lagðar fram fyrir 14 hárlitunarefni sem tilgreind eru í 2. hluta III. viðauka við tilskipun 76/768/EBE. Því var lagt bann við notkun þeirra í hárlitunarvörum með tilskipun 2007/54/EB.

- 4) Fulltrúar atvinnugreinarinnar hafa lagt fram viðbótarupplýsingar fyrir 42 hárlitunarefni sem tilgreind eru í 2. hluta III. viðauka við tilskipun 76/768/EBE. Vísindanefndin um neytendavörur leggur nú mat á þessar upplýsingar. Setja skal endanlegar reglur um þessi hárlitunarefni á grundvelli slíks mats og leiða þær reglur í lög aðildarríkjanna eigi síðar en 31. desember 2009. Því skal framlengja bráðabirgðaleyfi fyrir notkun þeirra í snyrtivörum, samkvæmt þeim takmörkunum og skilyrðum sem mælt er fyrir um í 2. hluta III. viðauka, til 31. desember 2009.
- 5) Því ber að breyta III. viðauka við tilskipun 76/768/EBE til samræmis við það.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um snyrtivörur.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað dagsetningarinnar „31.12.2007“ fyrir tilvísunarnúmerin 3, 4, 5, 6, 7, 9, 10, 11, 12, 14, 16, 18, 19, 20, 21, 22, 24, 25, 26, 27, 28, 29, 31, 32, 33, 34, 35, 36, 37, 38, 39, 44, 47, 48, 49, 50, 55, 56, 57, 58, 59 og 60 í dalki g í 2. hluta III. viðauka við tilskipun 76/768/EBE komi dagsetningin „31.12.2009“.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. desember 2007. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða og samsvörunartöflu milli viðkomandi ákvæða og þessarar tilskipunar.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá 1. janúar 2008.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 305, 23.11.2007, bls. 22. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/2009 frá 5. febrúar 2009 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 16, 19.3.2009, p. 12.

(¹) Stjtið. EB L 262, 27.9.1976, bls. 169. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/54/EB (Stjtið. ESB L 226, 30.8.2007, bls. 21).

(²) Stjtið. ESB L 198, 20.7.2006, bls. 11.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi tekur til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 22. nóvember 2007.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Günter VERHEUGEN

varaforseti.
